



MAT Á GÆÐUM SKÓLASTARFS VIÐ LÝÐSKÓLANN Á FLATEYRI

INNRA MAT – SJÁLFSMAT SAMANTEKT FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2022-2023

YFIRLIT

GÖGN SEM NOTUÐ ERU TIL GRUNDVALLAR MATSINS ERU KENNSLUMAT NEMENDA FYRIR HVERT NÁMSKEIÐ, KÖNNUN OG SAMTAL VIÐ KENNARA. ÞÁ ER UNNIÐ MEÐ GÖGN SEM AFLAÐ ER MEÐAL NEMENDA Í LOK SKÓLAÁRS. NIÐURSTÖÐUR NEMENDAPINGS ÞAR SEM NEMENDUR RÝNDU ÞAÐ SEM VEL HEFUR TEKIST OG SÖMULEIÐIS HVAÐ MÆTTI BÆTA Í STARFI SKÓLANS.

**SIGRÍÐUR JÚLÍA BRYNLEIFSDÓTTIR
KENNSLUSTJORI@LYDFLAT.IS**

MAT Á GÆÐUM SKÓLASTARFS VIÐ LÝÐSKÓLANN Á FLATEYRI

INNRA MAT – SJÁLFSMAT

SAMANTEKT FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2022-2023

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	2
SKÝRSLA STARFSFÓLKS	3
GÆÐAMAT. INNRA MATSKERFI	5
KENNSLUKÖNNUN MEÐAL NEMENDA, EFTIR HVERT NÁMSKEIÐ	5
KÖNNUN MEÐAL NEMENDA Í LOK SKÓLAÁRS.....	8
NEMENDAÞING.....	16
SJÁLFSMAT KENNARA	18
UMBÆTUR	18
VIÐAUKI 1	20
VIÐAUKI 2	21
VIÐAUKI 3	26
VIÐAUKI 4	29

INNGANGUR

Lýðskólinn á Flateyri tók til starfa í september 2018 og hefur því nú lokið fimm starfsárum. Í júní 2019 voru samþykkt lög frá Alþingi um Lýðskóla á Íslandi, lög nr. 65/2019 og í framhaldi af því þurfa Lýðskólar á Íslandi að sækja um viðurkenningu til Menntamálastofnunar (MMS) til að fá að starfa sem lýðskóli. Lýðskólinn á Flateyri var fyrstur skóla til að hljóta viðurkenningu MMS á grundvelli laga nr. 65/2019 til að fá að starfa sem lýðskóli. Viðurkenninguna hlaut skólinn í mars 2021 og í framhaldi af því hófust formlegar viðræður við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstur skólans til næstu þriggja ára í senn. Enn sem komið er rekstur skólans tryggður til árs í senn en vinnan við að ná þriggja ára samningi heldur áfram.

Við mat á innra starfi skólans er fyrst og fremst unnið með gögn sem aflað er meðal nemenda og kennara. Gögnin sem notuð eru til grundvallar matinu er kennslumat nemenda sem lagt er fyrir nemendur í lok hvers námskeiðs, könnun og samtal við kennara. Þá er unnið með gögn sem aflað er meðal nemenda í lok skólaárs um upplifun þeirra af náminu, félagslegri líðan, aðstöðu í skólanum og samskiptum við skólastjórnendur o.s.frv. Á þessu fimmta starfsári skólans var haldið nemendaping þar sem nemendur rýndu það sem vel hefur tekist og sömuleiðis hvað mætti bæta. Gert er grein fyrir niðurstöðum þessara kannana síðar í skýrslunni.

Upplýsingar sem fást við rýningu gagna eru nýttar til að yfirfara námskeiðslýsingar, skipulag námsins og námsskrána í heild fyrir næsta skólaár. Þá eru dregnar saman upplýsingar um upplifun nemenda sem hópur, af hverju námskeiði fyrir sig og uppröðun þeirra á önninni og einnig samfélagslegri upplifun þeirra, þá er sjónarmið kennara tekið inn við endurskipulag námskeiðanna. Á skólaárinu 2022-2023 var enginn formlegur kennarafundur haldinn. Það er mikilvægt að koma slíkum fundi í kring þar sem kennarar skólans koma saman og ræða skólastarfið, þeirra aðkomu að þróun náms og kennslu og samskipti við nemendur. Þetta var gert skólaárið 2020-2021 og var gerður góður rómur af þeim fundi en mikilvægt að halda þeirri reynslu og umræðu sem á sér stað lifandi. Það er sannarlega áskorun en mjög mikilvægur þáttur til að sjá skólann vaxa og dafna.

Skólastarfið gekk vel, fyrsta skólaárið síðan 2020 sem sóttvarnarreglur og samkomutakmarkanir höfðu ekki áhrif á skólastarfið. Þetta gerði það að verkum að nemendur skólans og íbúar á Flateyri fengu tækifæri til að kynnast og eiga í góðum samskiptum. Samfélagsþátttaka er mikilvægur hluti af gildum Lýðskólans á Flateyri. Rík áhersla er lögð á að nemendur og íbúar nærleggjandi byggðarlaga vinni í náinni og virkri samvinnu að því að auðga mannlífið með því að efna til viðburða, blása til veislu, stuðla að samveru eða auka við þá þjónustu og afþreyingu sem býðst í hverju bæjarfélagi. Þrátt fyrir að vera laus úr samkomutakmörkunum þá bankaði Covid uppá í febrúar og nokkrir nemendur og starfsfólk lögðust í pest en það hafði þó ekki meiri áhrif á skólastarf en sem nemur “venjulegu” flensuskoti.

Í lok þessa skólaárs blésu nemendur Lýðskólans til uppskeruhátíðar sem haldin var daginn fyrir útskrift eða 5.maí. Í boði voru sýningar á búnaði útibrautar, verkum hugmyndabrautar, tónleikar, kaffihlaðborð og kvöldvaka á Vagninum. Fjöldmenni sótti uppskeruhátíðina en vonir standa til að þetta verði endurtekið að ári.

Útskrift fór svo fram þann 6. maí 2023, hún fór fram í Flateyrarkirkju og eftir útskrift bauð Lýðskólinn uppá kaffihlaðborð á Gunnukaffi. Hátt í 90 manns sóttu útskriftarhátíðina.

Skólaárið 2020-2021 hófst vinna við innleiðingu skráningarkerfisins MySchool, við nánari vinnslu og könnun á því kom í ljós að innleiðingin myndi ekki borga sig fyrir svo lítinn skóla sem Lýðskólinn er, en að lágmarki þyrftu 100 nemendur að vera að staðaldri í skólanum til að innleiðing á slíku skráningarkerfi borgi sig. Haldið er utan um allslags upplýsingar skólans í excel.

SKÝRSLA STARFSFÓLKIS

Alls bárust 54 umsóknir um skólavist, 18 drógu umsókn sína til baka eða var hafnað. 29 nemendur hófu nám á haustönn, 5 luku haustönn og 6 nýjir komu inn á vorönn. Alls útskrifuðust 35 nemendur skólaárið 2022-2023. Af námsbrautinni Hafíð, fjöllin og þú útskrifuðust 17 nemendur en af námsbrautinni Hugurinn, heimurinn og þú 18 nemendur. Einum nemanda var vikið úr skólanum á vorönn.

Þrír fastir starfsmenn voru við skólann á skólaárinu, í 2,5 stöðugildum. Skólastjóri, kennslustjóri og verkefnastjóri. Þá er húsvörður í 15% starfi hluta úr ári eða frá september fram í maí. Kennslustjóri sem hafði verið undanfarin tvö skólaár lét af störfum haustið 2022, ráðinn var nýr kennslustjóri sem hóf störf 1. des 2022 en í millitíðinni var ráðinn starfsmaður tímabundið til að brúa bilið. Kennarar voru allir lausráðnir verktakar en námskeið eru kennd í einnar til tveggja vikna lotum með nýjum kennara í hverri lotu. Alls voru kennd 36 námskeið í skólanum á skólaárinu 2022-2023, fjögur námskeið voru samkennd á báðum námsbrautum, 15 námskeið sérkennd á brautinni Hafíð, fjöllin og þú og 17 á brautinni Hugmyndir, heimurinn og þú. Kennarar og aðstoðarkennarar á þessum námskeiðum voru 40 talsins. Að auki kom fjöldinn allur af nemendum og Flateyringum að vinnu við skólann með ýmsum hætti, flestir í einhvers konar sjálfboðavinnu en greitt var fyrir viðvik á borð við þrif á skólahúsnæði og ýmislegt viðhald.

Hægt er að lesa sér til um markmið skólans, skipulag og innihald námskeiða, kennara, áherslur í skólastarfi og annað inni á heimasíðu skólans: <https://lydflat.is/>.

Fyrirkomulag á námskeiðum og uppröðun þeirra er í sífelldri endurskoðun og þar er sérstaklega tekið tillit til endurgjafar frá nemendum og kennurum. Uppröðun námskeiða verður endurskoðuð fyrir næsta skólaár svo hún henti sem best bæði nemendum og kennurum. Þá er einnig horft til hvernig námskeiðin “tala saman”, hvernig flæðið er á milli námskeiða og hvernig þau byggja ofan á hvert annað þekkingarlega séð. Stefnt er að því að bæta við nýjum námskeiðum sem kennd verða á báðum brautum, nú þegar er búið að leggja drög að tveimur nýjum námskeiðum fyrir næsta skólaár.

Lýðskólinn horfir til framtíðar með vöxt í huga og næsta tilraunaverkefni er að setja á fót þriðju brautina við skólann, alþjóðabraut, sem kennd verður á ensku og markaðssett á erlendum vettvangi. Fjöldi erlendra einstaklinga hafa þegar sýnt skólanum áhuga og/eða sótt um nám við skólann en lagt hefur verið upp með að nemendur hafi lágmarkstök á íslensku áður en þeir hefji nám á þeim brautum sem nú eru í boði. Þetta er gert m.a. af öryggisástæðum. Skilningur á því sem kennarinn miðlar er lykilatriði til að gæta öryggis nemenda, sérstaklega á útivistarbrautinni þar sem nemendur eru settir í krefjandi aðstæður og þurfa að skilja fyrirmæli vel. Það verður því mikill fengur að geta hrint af stað braut sem sniðin er að enskumælandi nemendum. Það að gera skólann aðgengilegan alþjóðasamfélaginu sýnir mikinn metnað í þróun skólans. Markmið alþjóðabrautar er að útvíkka markhóp Lýðskólans. Þjóða uppá valkost fyrir erlenda nemendur sem vilja kynna lífinu norðurslóðum, náttúru, menningu og atvinnuháttum. Þetta verði gert í nokkrum skrefum. Fyrst verði búin til braut sem sameinar brot af því besta og nefnist “Lífið á norðurslóðum” e. Living in the arctic. Þar verði skipulögð námskeið í útivist, atvinnuhættir til sjávar og sveita verði kynntir auk námskeiðs í náttúruljósmyndun. Brautin verði eingöngu kennd á ensku. Rammi um slíka braut hefur nú þegar verið mótaður og unnið er að nánari útfærslu á markmiðum hvers námskeiðs fyrir sig. Til að byrja

með verður eingöngu boðið uppá eina 10 vikna önn á alþjóðabraut. Kosturinn við að hafa alþjóðlegu brautina í boði bara eina önn er að það einfaldar möguleika væntanlegra nemenda á að fá leyfi til að dvelja hér á landi. Þá verði jafnvel hægt að keyra “pakkann” þrisvar yfir árið, haust, vor og sumarönn. Lagt er til að fyrst verði brautin prófuð á sumarönn 2024 og í framhaldi verði árangur metinn og brautin þróuð áfram.

Nú þegar stendur skólinn frammi fyrir þeim vanda að aðbúnaður og kennslurými er ekki fullnægjandi fyrir þann fjölda nemenda sem vonir standa til að taka á móti hvert ár. Enn frekari aukning á námsframboði skólans eykur frekar á þann vanda og því er mikilvægt að fara að huga að lausnum í húsnæðismálum, hvort sem það felur í sér nýbyggingu eða að taka fleiri rými á leigu fyrir skólann. Allt er þetta kostnaðarsamt. Mikilvægt er að hefja nú þegar vinnu við þarfagreiningu húsnæðis miðað við það námsframboð sem nú þegar er við skólann og jafnframt það sem væntingar standa til að bæta við. Hugmyndin um að koma á fót alþjóðabraut til að byrja með á sumarönn tengist þessu en ljóst er að skólinn hefur ekki möguleika á að vaxa enn frekar miðað við það húsnæði sem til staðar er undir starfsemi skólans.

GÆÐAMAT. INNRA MATSKERFI

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólafarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrir fram ákveðnum markmiðum. Markmið með mati á gæðum í skólafarfinu. Markmið með innra mati er að veita upplýsingar um skólafarfið og þróun og árangur í starfinu. Mat á innra starfi skólans er fyrst og fremst í höndum skólafarjónnenda.


Við innra mat er gerð greining á styrkleikum í skólafarfinu sem og áskorunum og tækifærum til breytinga og út frá þeim er gerð áætlun um úrbætur. Unnið er út frá eftirfarandi spurningum:



- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?


Gögnum sem safnað er til grundvallar innra mati eru kennslukannanir meðal nemenda, sjálfsmat kennara, könnun meðal nemenda í lok skólaárs sem og samtal við nemendur í gegnum nemendapöng.

KENNSLUKÖNNUN MEÐAL NEMENDA, EFTIR HVERT NÁMSKEIÐ

Kennslukönnun er þannig framkvæmd að kennslustjóri leggur spurningalista fyrir nemendur í lok hvers námskeiðs og er könnunin nafnlaus. Spurningalistinn inniheldur átta lokaðar spurningar þar sem svör eru sett upp á skalanum 1-5 (þar sem 1 þýðir „mjög lélegt“ og 5 þýðir „mjög gott“) og tvær opnar spurningar þar sem spurt er um annars vegar hvað nemendum finnst best við viðkomandi námskeið og hins vegar hvað þeim finnst að betur megi fara (Sjá spurningalista í viðauka 1). Þegar kennslustjóri hefur unnið úr kennslukönnun fyrir hvert námskeið eru niðurstöður sendar á kennara auk þess sem skólafarjóri og kennslustjóri nota upplýsingarnar til að gera nauðsynlegar úrbætur þegar þess þykir þörf. Sjá samantekt á niðurstöðum skólaársins er sett fram í myndum, þar sem gerð er grein fyrir hvorri braut og hverri önn á sérmynd. Fullt hús stiga er 5 en athygli er vakin á meðaleinkunn námskeiða á hverri önn sem er ákjósanlegur mælikvarði á milli ára þar sem námskráin er ekki eins á milli ára.












Túlkun niðurstaðna er mikilvæg og þá er eðlilegt að horft sé til þeirra námskeiða sem fá lökustu einkunina og leita skýringa á því mati og sömuleiðis á þau námskeið sem hæstu einkunnir hafa fengið og sjá hvað það er sem vel hefur tekist. Þær upplýsingar er hægt að fá með því að rýna viðkomandi mat en gögnin eru vistuð á netþjóni skólans. Heilt yfir þá hafa námskeið sem eru vel skipulögð, með vönum kennurum í viðkomandi fagi fengið bestu einkunirnar. Það rýmar vel við það sem heilt yfir hefur komið fram í kennslukönnun, á nemendapingi og í lokamati nemenda í lok skólaárs að nemendur kalla eftir skipulagi og festu.

KÖNNUN MEÐAL NEMENDA Í LOK SKÓLAÁRS


Könnun meðal nemenda í lok náms var framkvæmd á síðasta skóladegi skólaársins 2022-2023. Alls svöruðu 26 nemendur könnuninni (sjá spurningalista í viðauka 2). Meðalaldur nemenda sem svöruðu könnuninni er 22 ár. Niðurstöður úr þessari könnun eru nýttar til að bæta gæði náms og kennslu sem og að bæta aðbúnað í skólahúsnæðinu með tillit til kennslu og félagslífs nemenda fyrir utan skólatíma. Niðurstöður krossaspurningar eru settar fram í myndformi þar sem notaðar eru prósentur (%) sem mælieining. Svör við opnum spurningum eru framsettar í textaformi.












6. Hvaða námskeið á þinni braut stendur upp úr að þínu mati og af hverju?

- Samtal miðla og sjónræn sviðsetning. Góðir kennarar, lásu hópinn vel og mótuðu kennslu út frá okkur.
- Sjónræn sviðsetning og spuni, leiklist er gaman.
- Ísklifur, kajak, ljósmyndun og skíði.
- Heimildarmyndagerð, spuni, stuttmyndir, skapandi skrif, samtal miðla.
- Skapandi ljósmyndun, gaman að taka myndir.
- Skíði og matarkistan.
- Skapandi ljósmyndun.
- Brimbretti. Artic surfers strákarnir voru æði.
- Heimildarmyndagerð, geggjaður kennari, tæknileg kennsla og áhugavert viðfangsefni. Dans, frábær kennari, líkamlegt. Spuni, Aggi <3. Samskynjun, yndislegur kennari og fræðsla um gjörninga. Samtal miðla, geggjaður kennari, áhugavert og weird. Kvikmyndagerð, frábær kennari, gaman að horfa á myndir, geggjaður áfangi til að enda á.
- Námskeiðin hjá Agga og Áttavitinn, góður strúktúr. Skrifnámskeiðið var skemmtilegt.
- Heimildarmyndagerð: Karna náði að vekja áhuga hjá mér á einhverju sem kom mér algjörlega á óvart. Óendanlega þakklát fyrir allt sem ég lærði og tók frá námskeiðinu. Þorði að sýna og segja frá hlut sem ég gat ekki hugsað mér að deila áður.
- Brimbretti: kennararnir voru frábærir.
- Brimbretti, fórum í ferðalag, gaman að gera eitthvað sem maður myndi vanalega ekki gera, skemmtilegir kennarar.
- Spuni því það er eitthvað sem ég hef alltaf langað til að prófa.
- Ísklifur.
- Skapandi textill.
- Brimbretti og ísklifur.
- Ísklifur gaman, kajak krefjandi.
- Fjallgöngunámskeiðin, það var gaman að læra að nota línur.
- Spuni, vel skipulagt og mög skemmtilegt á heildina litið. Kennari teygjanlegur og tilbúinn að breyta ef það þurfti. Sjónræn sviðsetning, einstaklingsmiðað og skapandi, mjög gaman unnið með höndunum. Kennarinn búinn að ákveða fyrirfram hvað væri gert í hvert skiptið.
- Skíði, fjallamennska, ísklifur.
- Námskeiðið með Sigga þar sem við gistum í tjaldi í Dýrafirði.
- Ísklifur, það var geðveikt með skemmtilegum kennurum.
- Mér fannst ísklifrið standa mikið uppúr því það var eitt af því sem mig hefur langað að gera í langan tíma.












15. Hver er helsta ástæða þess að þú ákvaðst að koma í Lyðskólann á Flateyri?

- Fara út fyrir þægindarammann, kynnast nýjum áhugamálum og þroskast.
- Kynnast íslendingum og læra íslensku.
- eitthvað nýtt og að komast úr bænum.
- Vissi ekki hver ég var eða hvað ég vildi, var einangruð og einmanna, þurfti að öðlast meira sjálfstæði.
- Nennti ekki í skóla, svo mamma skráði mig í skólann og ég sé ekki eftir því að mæta.
- Fá nýtt umhverfi og uppá skemmtunargildi.
- Það leit út fyrir að vera skemmtilegt
- Breyta um stefnu í lífinu.
- Nennti ekki í bóklegt nám eða skítadjobb, prófa eitthvað nýtt, sjálfstæði, prófa listgreinar, flýja stórborg.
- Vinna í félagskviða, fá einhverja vini.
- Var föst í vítahring í Reykjavík, þarfnadist nýs upphafs og að kveikja á áhuga á námi.
- Ég var búin að fá nóg af því að vinna og mig langaði að breyta til.
- Prófa allskonar námskeið, flytja út á land og gera eitthvað sem brýtur upp hversdagsleikann.
- Til þess að koma mér aftur í skólalífið og kynnast nýju fólki.
- Af hverju ekki?
- Komst ekki í það nám sem ég vildi fara í, í LHÍ.
- Bara prófa eitthvað nýtt.
- Ég þurfti breytingu í lífi mínu og að prófa nýja hluti á nýjum stað, hljómaði vel.
- Ég vildi prófa eitthvað nýtt og kynnast nýju fólki.
- Ég vissi ekki hvað ég átti að gera næst.
- Til að hitta skemmtilegt fólk og læra nýja hluti tengt útivist.
- Vantaði eitthvað að gera á milli FAS umsókna.
- Því að mér fannst þetta mjög spennandi þegar ég heyrði af honum fyrst.



17. Hvað var það sem helst stóðst ekki væntingar þínar í skólanum síðasta vetur?

- Skapandi ljósmyndun, hefði viljað meiri tæknilega kennslu, bæði á forrit og myndavélar.
- Hreinlæti á nemendagörðum.
- Fólk t.d. "NN", ógeðslega leiðinlegur.
- Hefði mátt reka einn aðila fyrr, hefði mátt vera þínu meira strangt.
- Pass.
- Það var allt fullkomið.
- Hvað sumir nemendur þrifu ekkert.
- Óskipulögð námskeið, kennarar sem skildu ekki Lýðskóla, léleg mæting og lítill áhugi hjá öðrum nemendum, kennari sem tók barnið sitt með í 2 vikna námskeið.
- Það hefði verið sniðugt að hafa svona house management course til þess að passa að fólki kunni allaveganna að þrifa upp eftir sig. Ég.
- Örugglega öll óhöppin hjá samnemendum sem skemmdi smá traust íbúa í þorpinu á okkur hin.
- Það voru nokkur námskeið sem voru ekki alveg nógu spennandi.
- Ég fór ekki á þorfinn.
- Ekkert sérstakt til að skrifa um, allt stóðst væntingar.
- Ég veit ekki.
- Samnemendur og hreinlæti á vistinni.
- Það er erfitt að búa með sóðum.
- Vildi fara til Hornstranda, það var á námskeiðalistanum en það varð svo aldrei.
- Sambúar.
- Andlega heilsan mín.



20. Hvað finnst þér þú helst hafa fengið út úr veru þinni á Flateyri og náminu við Lýðskólann síðasta vetur / Hvað er það mikilvægasta sem þú lærðir?

- *Lærði þolinmæði!*
- *Vinátta, ábyrgð og sjálfstæði.*
- *Lærði að vera aðeins þolinmóðari, lærði inná sjálfa mig betur.*
- *Brjóta ísinn og kynnast nýju fólki.*
- *Sjálfstæði og leggja mörk.*
- *Ég lærði nýja hluti.*
- *Blómstrað.*
- *Sjálfstæði, þolinmæði, áhugamál, einhver tilfinning fyrir því sem ég vil gera í framtíðinni.*
- *Það er léttara að læra þegar maður er ekki þunglyndu, það er í lagi að vera maður sjálfur.*
- *Opna mig um geðheilsu mína, finna hvað ég hef mikinn áhuga á listgreinum, trúði því aldrei að "ég" gæti það, bara aðrir en nú veit ég betur.*
- *Ég kynntist sjálfri mér betur og eignaðist marga góða vini.*
- *Að dæma ekki útfrá kápunni, vera nægjusamur og samvísusamur á eigin spýtur.*
- *Að vera virkur þátttakandi í þeim hópum sem ég er í.*
- *Að binda hnúta fyrir klifur.*
- *Á sjálfan mig.*
- *Meira sjálfsöryggi, skil aðra betur. Veit hvernig manneskja ég vil ekki vera.*
- *Ég hef eignast yndislega vini. Ég hef lært helling og fengið ný áhugamál sem ég vil gera að atvinnu.*

- *Að jafnaldrar eru ekki alslæmir.*
- *Kajak, ísklifur og línuklifur.*
- *Aðallega bara mjög góða reynslu og svo líka góða vini.*

21. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri í sambandi við skólann í heild, skipulag námsins eða annað?

- Kenna þrif fyrstu dagana, kennsla um hvernig á að lifa án foreldra.
- Skipulag mætti vera aðeins betra. Starfsmenn mættu hafa aðeins meiri afskipti af nemendum.
- Væri til í að hafa frekar kennara frá Vestfjörðum. Bæði uppá hentugleika og að kennarinn á auðveldara með að redda hlutum.
- Betra upplýsingaflæði frá kennurum varðandi verkefni og skipulag. Sum námskeið mættu vera lengri (dans, textíll, samtal miðla). Hugmyndabraut mætti hafa einhver útinámskeið eða fleiri líkamleg námskeið. Kennarar mega ekki taka börnin sín með í skólann.
- Pakklát fyrir allt sem skólinn og samfélagið hefur gefið mér, bókstaflega gaf mér lífsvilja á ný.
- Skipuleggja námskeið með kennurum áður en námskeið byrjar svo að hver dagur sé nýttur til fulls.
- Kaupa venjulegt kornfleks (ekki euroshoper).
- Grafísk hugsun.....svoooo leiðinlegt, plís hafa eitthvað pepp fyrir kennarann.
- Mér þykir vænt um ykkur. Mætti þvinga fleiri viðtöl við nemendur, kannski fleiri en einn í einu og tala um það sem hefur verið að gerast á milli nemenda.
- Kennarar á útibraut máttu vera meira skipulagðir.

NEMENDAPING

Á þessu fimmta starfsári skólans var haldið nemendaping þar sem nemendur rýndu það sem vel hefur tekist og sömuleiðis hvað mætti bæta. Uppsetning nemendapings, umsjón og úrvinnsla var í höndum Agnars Jóns Egilssonar. Þingið fór þannig fram að nemendum var safnað saman eftir hádegi miðvikudaginn 8.mars, þau unnu í hópum og fengu öll sömu verkefnin. Unnið var með þrjá liði:

1. Námið/kennslan/kennararnir.
2. Skipulagið/stjórn og stjórnendur Lýðflat/Flateyri.
3. Samfélag nemenda/ég-við-hópurinn.

Um hvern lið settu hóparnir niður á blað allt það jákvæða sem þeim datt í hug, þá veltu þau einnig fyrir sér hvað þyrfti að bæta. Fjöldmörg atriði komu fram en eftir þingið var öllum punktum safnað saman í eitt skjal (sjá nánar í viðauka 3). Daginn eftir hittust þau og völdu hvað væri stæði uppúr í hverjum lið, þ.e. hvað væri jákvætt og hvað mætti bæta og þá væri það verkefni skólastjórnenda, með hjálp nemenda, að koma með hugmyndir að lausnum. Niðurstöður nemendapings eru hér fyrir neðan jafnframt tillögur skólans að úrbótum fyrir næsta skólaár.

Liður 1. Námið/kennslan/kennararnir:

Jákvætt: Nemendur upplifa námið fjölbreytt og kennara hlusta á þarfir nemenda. Tekið er fram að andrúmsloft sé gott, lengd námskeiða sé almennt góð, kennaraval sé gott og að kennararnir séu bæði áhugaverðir og áhugasamir.

Hvað mætti bæta: Nemendur benda á að bæta megi upplýsingaflæði um áfanga til nemenda áður en þeir hefjast og að sumir kennarar þurfi kannski leiðsögn í kennslu til að allir nemendur fái sem mest út úr hverjum áfanga. Einnig benda nemendur á þörf fyrir meiri skörun milli hugmynda- og útivistarbrautar á skólatíma.

Umbætur skólans: Rammi um skipulag námskeiða og upplýsingagjöf til nemenda þarf vissulega að stórbæta. Endurskoða þarf skjal sem kennarar fylla út, það verði gert markvissara og þeim leiðbeint með skipulag daganna. Nú þegar er búið að skipuleggja tvö ný námskeið á næsta skólaári sem verða kennd báðum brautum til að koma til móts við þá ósk nemenda að skörun verði meiri á milli brauta. Þetta er sérstaklega mikilvægt á haustönn á meðan hópurinn er að kynnast.

Liður 2. Skipulagið/stjórn og stjórnendur Lýðflat/Flateyri.

Jákvætt: Nemendur upplifa samskipti við starfsfólk skólans jákvæð, traust og heiðarleg. Þau upplifa einnig að það sé auðvelt að ná í starfsfólk skólans ef eitthvað kemur upp á utan skólatíma. Nemendur eru ánægðir með að skólinn skipuleggi húsnæðismál nemenda. Nemendur eru ánægðir með aðgang að húsnæði skólans utan skólatíma. Nemendur eru ánægðir með þá breytingu að skólinn byrji kl. 8.55.

Hvað mætti bæta: Nemendur telja að starfsfólk skólans megi sýna meira frumkvæði í að athuga líðan nemenda enda séu nemendur á stundum einmana og einangraðir, þó það sé mjög árstíðabundið. Nemendur telja einnig að það þurfi að vera skýrari afleiðingar við brotum á skólareglum og sérstaklega við lélegri mætingu. Ennfremur minnst þau á að húsnæði megi sinna af meiri aðlúð (í því finnst mygla og seint sé brugðist við kvörtunum varðandi húsnæðið) og að aðgengi fyrir hreyfihamlaða nemendur sé lélegt.

Umbætur skólans: Stefnt er að því að taka samtal við nemendur með reglubundnum hætti en jafnframt er mikilvægt að starfsfólk sé sýnilegra í kennsluhúsnæði á meðan á kennslu stendur. Með því móti upplifa nemendur meiri nálægð og kynnast starfsfólki jafnframt betur en ella. Endurskoða þarf skólareglur og afleiðingum við brotum á þeim sem og slakri mætingu. Stefnt er að því að þeirri vinnu veðri lokið fyrir næsta skólaár. Húsnæðismál skólans, viðhald og aðgengi er stórt verkefni sem brýnt er að stjórn og starfsfólk fari í stefnumörkun á en eins og staðan er í dag þá getur skólinn varla stækkað eða þróast nema komin verði stefna og framtíðarsýn í húsnæðismálum skólans.

Liður 3. Samfélag nemenda / Ég – við – hópurinn.

Jákvætt: Nemendur upplifa nemendahópin opinn, traustan og vinsamlegan og að andrúmsloftið meðal nemenda sé almennt gott.

Hvað mætti bæta: Nemendur vilja bæta hvatningu innan hópsins til að sporna við einangrun og einmanaleika með því að skipuleggja fleiri viðburði og stunda heiðarleg samskipti innan skólans og utan hans (líka drukkin). Þau vilja að samtal um mörk og eða markaleysi sé skipulagt og sjálfsagt. Nemendur minnst á að áfengismeningin sé sterk innan hópsins og það megi nýta tækifærið og skipuleggja áfengislausu viðburði í þessu samhengi. Nemendur vilja einnig leita leiða til að virkja ábyrgð nemenda í morgunmat og sameiginlegum þrifum, bæði í morgunmat, hádegismat og sameignum.

Umbætur skólans: Þau atriði sem hér koma fram verður unnið með á fyrstu vikum nýs skólaárs. Ákveðið hefur verið að það hefjist í miðri viku með stuttu námskeiði í að búa í sambýli við ókunnugt fólk, hvernig samskipti eiga sér stað inná heimili, verkaskipting, samvinna, hreinlæti sem og að aðstoða nemendur í að skipuleggja lífið (þ.e. daglegt líf og viðburði) fyrir utan skólann með lýðheilsu að leiðarljósi. Þá verði gerðar leiðbeiningar fyrir nemendarád svo vinna þess nýtist betur og verði markviss.

SJÁLFSMAT KENNARA

Sjálfsmat kennara á eigin kennslu og ýmsu því sem snýr að aðbúnaði til kennslu fór þannig fram að kennslustjóri sendi viðkomandi kennara spurningalista sem viðkomandi fyllti út. Spurningalistinn inniheldur fimm lokaðar spurningar þar sem svör eru sett upp á skalanum 1-5 og þrjár opnar spurningar (sjá spurningalista í viðauka 4). Jafnframt átti kennslustjóri ófromlega fundi með hverjum kennara á meðan á námskeiði stóð, stundum daglega til að vera upplýst um gang mála og eins til að bregðast strax við ef einhverjar spurningar eða ábendingar komu fram. Skólastjóri og kennslustjóri notuðu upplýsingarnar til að gera nauðsynlegar úrbætur þegar þess þótti þörf. Gögn með sjálfsmati hvers kennara eru vistuð á netþjóni skólans.

UMBÆTUR

Það að safna upplýsingum frá nemendum og kennurum skólans með því að leggja fyrir kannanir og taka samtöl um það sem vel er gert og hvað megi bæta hefur lítið uppá sig nema leitað sé leiða til að bæta um betur í skólastarfinu. Umbótaferli byggir fyrst og fremst á styrkleikum skólans og áskorunum. Styrkleikar skólans í dag eru helstir þeir að skipulag, gögn og námsskrá eru í góðum farvegi. Þá er enginn vafi á því að skólinn er sveigjanlegur m.t.t. námsskrár og einfalt að aðlaga hana umhverfinu hverju sinni. Gögnum sem safnað er um viðhorf nemenda eru fjölbreytt og gefa góða mynd af upplifun nemenda af náminu og verunni í skólanum. Sjálfsmat kennara gefur góða mynd af því sem betur mætti fara í lok hvers námskeiðs sem og upplifun kennara af skólanum og nemendum hans. Áskoranir skólans eru helstær þær að skólastarfið samanstendur af fjölmörgum stuttum námskeiðum þar sem hver kennari kemur í stuttan tíma að kenna sitt námskeið. Það veldur því að erfitt getur verið fyrir kennara og nemendur að mynda tengsl, og kennarar eru oft að endurtaka efni sem aðrir kennarar hafa farið í gegnum. Til að minnka líkur á þessu þarf að fara í rýningu á námskeiðslýsingum og setja skýr markmið og hæfni nemenda í tilteknum atriðum eftir að námskeiði er lokið. Þá er mikilvægt að koma á samtalsvettvangi kennara við skólann, hvort sem það er gert með reglubundnum fundum eða öflugri upplýsingagjöf til kennarahópsins með tölvupóstsamskiptum. Í fyrri gæðaskýrslum kemur fram að tilraunir með að halda kennarafundi hafa gefist vel og það er góð leið til að efla og styðja við námið enn frekar að koma þessum fundum aftur á.

Önnur áskorun skólans er að ekki hefur verið fylgst nægilega vel með kennsluaðferðum, hvaða aðferðum er beitt eða því hvort þær eru nægilega fjölbreyttar. Leið til bóta er að setja viðmið um hlutfall kennsluhátta sem skilgreindar eru af skólanum í samræmi við stefnu skólans. Einnig þarf að kynna fyrir kennurum fjölbreyttar kennsluaðferðir og því hvað fjölbreyttar kennsluaðferðir geta gert fyrir gæði náms og kennslu. Á næsta skólaári mun kennslustjóri fylgjast með kennsluaðferðum sem kennara beita og leggja mat á hvað er að gefast vel og hvað mætti bæta. Þá mun kennslustjóri taka saman yfirlit yfir ýmsar fjölbreyttar kennsluaðferðir sem kennarar geti nýtt sér í þeim tilgangi að finna aðferðir við hæfi.

Þar sem ekki er um að ræða formlegt námsmat í skólanum þá er fylgst vel með mætingu og hún skráð, með því að fylgjast með þessu er hægt að grípa nemendur sem missa úr námi og eiga þá hættu á að falla úr skóla. Ábyrgð nemenda á eigin námi þarf að vera skýr og þeim hjálpað við að standa undir þeirri ábyrgð. Þetta er atriði sem þarf að vinna betur með og koma upp skýrari verkferlum t.d. með boðun í viðtal ef viðkomandi nemandi hefur ekki mætt í tiltekinn tíma.

Nemendur kalla eftir meira samtali við starfssfólk, meiri stuðning og hjálp við samskipti og einnig að koma félagslífinu í farveg. Þar er veikur hlekkur í starfi skólans þar sem ekki hefur verið náms- og starfsráðgjafi við skólann. Það er mikilvægt að nemendur sem þurfa aðstoð með námið og lífið í skólanum fái faglega ráðgjöf með það að markmiði að hjálpa nemendum að fá meira út úr náminu, mæta betur og taka þátt í náminu og félagslífinu ásamt því að undirbúa sig fyrir lífið eftir skólann. Það

þarf að vera forgangsatriði fyrir næsta skólaár að ráða manneskju eða gera samning við samstarfsaðila sem hefur náms-og starfsráðgjafa í sínum röðum.

Síðustu þrjú ár hefur nemendaráð verið starfandi við skólann. Það var á sínum tíma flókið að koma því af stað þar sem skólinn er einungis eitt ár. Á nýliðnu skólaári var nemendaráð virkjað þegar komið var vel inn á vorönn, það þarf að bæta úr því á næsta ári og aðstoða nemendur við að kjósa sér nemendaráð, helst strax í kjölfar á sameiginlegu námskeiði beggja brauta, snemma á haustönn. Gera þarf leiðbeiningar fyrir nemendur svo vinna nemendaráðs nýtist betur og verði markviss.

VIÐAUKI 1

Mat á gæðum námskeiðs og kennslu

Vinsamlega fylltu út eftirfarandi spurningakönnun eftir bestu samvisku og ekki vera feimin(n) að segja þína skoðun. Með þínum svörum aðstoðar þú okkur við að bæta gæði námskeiða og kennslu. Þegar þú hefur lokið við að svara spurningum, brýtur þú blaðið saman og skilar því í umslag hjá kennslustjóra. **Athugaðu að svör þín eru nafnlaus og því ekki rekjanleg til þín!**

Heiti námskeiðs: _____ Dagsetning: _____

Nafn kennara: _____

1. Þegar á heildina er lítið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með kennsluna á námskeiðinu?

__ Mjög ánægð(ur/t) __ Frekar ánægð(ur/t) __ Hvorki né __ Frekar óánægð(ur/t) __ Mjög óánægð(ur/t)

2. Hversu vel eða illa tókst kennaranum að vekja áhuga þinn á viðfangsefninu?

__ Mjög vel __ Frekar vel __ Hvorki né __ Frekar illa __ Mjög illa

3. Hversu mikið eða lítið fannst þér kennari hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og gagnrýnnar hugsunar?

__ Mjög mikið __ Frekar mikið __ Hvorki né __ Frekar lítið __ Mjög lítið

4. Fannst þér kennari gera mikið eða lítið af því að veita þér og öðrum nemendum jákvæða og uppbyggilega endurgjöf á námskeiðinu?

__ Mjög mikið __ Frekar mikið __ Hvorki né __ Frekar lítið __ Mjög lítið

5. Fannst þér kennari notað mikið eða lítið fjölbreyttar aðferðir við koma kennsluefni til skila (t.d. hópavinnu, umræður, leiki eða annað)?

__ Mjög mikið __ Frekar mikið __ Hvorki né __ Frekar lítið __ Mjög lítið

6. Hvað fannst þér jákvæðast eða best við námskeiðið? _____

7. Hvað, ef eitthvað, hefði að þínu mati mátt vera betra við þetta námskeið?

VIÐAUKI 2

Könnun meðal Lýðskólanema skólaárið 2022-2023

Kæri næstum útskrifaði Lýðskólanemi,

meðfylgjandi er spurningakönnun sem send er til allra nemenda sem stunduðu og luku námi við Lýðskólann á Flateyri skólaárið 2022-2023. Tilgangur könnunarinnar er að afla upplýsinga um viðhorf nemenda til skólastarfsins með það að markmiði að bæta gæði og upplifun í skólastarfinu.

Svör þín eru trúnaðarmál og nafn þitt kemur hvergi fram í svörum þínum við könnuninni. Skólastjórnendur munu eingöngu hafa aðgang að samanteknum svörum allra svarenda og þess gætt afar vandlega að ekki verði hægt að rekja svör til einstakra nemenda.

Þátttaka þín er afar mikilvæg og það er okkur mikils virði að þú skulir vilja svara þessum spurningum. Þér er ekki skylt að svara spurningalistanum í heild né einstökum spurningum, en við vonum þó að þú svarir öllum spurningum.

Vinsamlega lestu hverja spurningu vandlega og svaraðu eins vel og þú getur. Þú svarar spurningum með því að smella í þann reit sem á við það svar sem þú vilt nota við hverja spurningu. Við nokkrar spurningar er beðið um að þú skrifir svör þín.

Það eru ekki til nein „rétt“ eða „röng“ svör við spurningunum. Svörin þín eiga að vera þau svör sem eru „rétt“ fyrir þig.

Með fyrir fram þökk fyrir þátttökuna

Katrín María, Sigríður Júlía og Margeir

Spurningar sem tengjast náminu og skólastarfi

1. Þegar á heildina er litið, hversu ánæg/t/ð/ur eða óánæg/t/ð/ur ert þú með veru þína í Lýðskólanum á Flateyri veturinn 2022-2023.

- a. Mjög ánæg/t/ð/ur
- b. Frekar ánæg/t/ð/ur
- c. Hvorki né
- d. Frekar óánæg/t/ð/ur
- e. Mjög óánæg/t/ð/ur

2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með Lýðskólanum á Flateyri við vini og kunningja?

- a. Mjög líklegt
- b. Frekar líklegt
- c. Hvorki né
- d. Frekar ólíklegt
- e. Mjög ólíklegt

3. Þegar á heildina er litið, hversu ánæg/t/ð/ur eða óánæg/t/ð/ur ertu þú með kennsluna á þinni braut?

- a. Mjög ánæg/t/ð/ur
- b. Frekar ánæg/t/ð/ur
- c. Hvorki né
- d. Frekar óánæg/t/ð/ur
- e. Mjög óánæg/t/ð/ur

4. Þegar á heildina er litið, hversu vel eða illa finnst þér hafa tekist til við að vekja áhuga þinn á ýmsu því sem kennt var á þinni braut?

- a. Mjög vel
- b. Frekar vel
- c. Hvorki né
- d. Frekar illa
- e. Mjög illa

5. Þegar á heildina er litið, hversu mikið eða lítið finnst þér þú hafa lært í þeim námskeiðum sem kennd voru á þinni braut?

- a. Mjög mikið
- b. Frekar mikið
- c. Hvorki né
- d. Frekar lítið
- e. Mjög lítið

6. Hvaða námskeið á þinni braut stendur upp úr að þínu mati og af hverju?

- a. Opin spurning (vanda skrift)

7. Þegar á heildina er litið hversu ánæg/t/ð/ur eða óánæg/t/ð/ur varst þú með kennarana í skólaárinu?

- a. Mjög ánæg/t/ð/ur
- b. Frekar ánæg/t/ð/ur
- c. Hvorki né
- d. Frekar óánæg/t/ð/ur
- e. Mjög óánæg/t/ð/ur

Spurningar um aðstöðu, skipulag og félagslíf

8. Hvernig fannst þér aðstaðan í skólahúsnæði til að stunda námið þitt?

- a. Mjög góð
- b. Frekar góð
- c. Hvorki né
- d. Frekar léleg
- e. Mjög léleg

9. Hvernig fannst þér aðstaða til samveru og félagsstarfs nemenda ?

- a. Mjög góð
- b. Frekar góð
- c. Hvorki né
- d. Frekar léleg
- e. Mjög léleg

10. Hversu ánæg/t/ð/ur eða óánæg/t/ð/ur varst þú með samskipti skólastjórnenda við þig og aðra nemendur?

- a. Mjög ánæg/t/ð/ur
- b. Frekar ánæg/t/ð/ur
- c. Hvorki né
- d. Frekar óánæg/t/ð/ur
- e. Mjög óánæg/t/ð/ur

11. Hvernig fannst þér upplýsingaflæði frá stjórnendum vera um skólastarf, dagsskipulag og fleira?

- a. Mjög gott
- b. Frekar gott
- c. Hvorki né
- d. Frekar slæmt
- e. Mjög slæmt

12. Hvernig fannst þér félagslífið vera utan skólatíma?

- a. Mjög gott
- b. Frekar gott
- c. Hvorki né
- d. Frekar slæmt

e. Mjög slæmt

13. Hvernig fannst þér aðstaðan á heimavist nemenda?

a. Mjög góð

b. Frekar góð

c. Hvorki né

d. Frekar léleg

e. Mjög léleg

14. Hvernig fannst þér að búa á Flateyri?

a. Mjög gott

b. Frekar gott

c. Hvorki né

d. Frekar slæmt

e. Mjög slæmt

Spurningar um veru þína við Lýðskólann á Flateyri síðasta vetur

15. Hver er helsta ástæða þess að þú ákvaðst að koma í Lýðskólann á Flateyri?

a. Opin spurning (vanda skrift)

16. Hversu vel eða illa stóðst vera þín í Lýðskólanum á Flateyri síðasta vetur væntingar þínar?

a. Mjög vel

b. Frekar vel

c. Hvorki né

d. Frekar illa

e. Mjög illa

17. Hvað var það sem helst stóðst ekki væntingar þínar í skólanum síðasta vetur?

a. Opin spurning

18. Hversu vel eða illa finnst þér þú hafa stundað námið? (mæting og athygli í tímum)

a. Mjög vel

b. Frekar vel

c. Hvorki né

d. Frekar illa

e. Mjög illa

19. Hefur vera þín í skólanum haft mikil eða lítil áhrif á þín næstu skref og framtíðaráform?

- a. Mjög mikið
- b. Frekar mikið
- c. Hvorki né
- d. Frekar lítið
- e. Mjög lítið

20. Hvað finnst þér þú helst hafa fengið út úr veru þinni á Flateyri og náminu við Lyðskólann síðasta vetur / Hvað er það mikilvægasta sem þú lærðir?

- a. Opin spurning

21. Að lokum: Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri í sambandi við skólann í heild, skipulag námsins eða annað?

- a. Opin spurning

Bakgrunnsspurningar

22. Á hvaða braut varst þú ?

- a. Hafið, fjöllin og þú
- b. Hugmyndir, heimurinn og þú

23. Hvað ertu gömul/gamall?

VIÐAUKI 3

Nemendaping vorið 2023.

Stjórn: Agnar Jón Egilsson

Liður 1.

Námið / kennslan / kennararnir

Jákvætt Nemendur upplifa námið fjölbreytt og kennara hlusta á þarfir nemenda. Tekið er fram að andrúmsloft sé gott, lengd námskeiða sé almennt góð, kennaraval sé gott og að kennararnir séu bæði áhugaverðir og áhugasamir.	Hvað mætti bæta Nemendur benda á að bæta megi upplýsingaflæði um áfanga til nemenda áður en þeir hefjast og að sumir kennarar þurfi kannski leiðsögn í kennslu til að allir nemendur fái sem mest út úr hverjum áfanga. Einnig benda nemendur á að þörf fyrir meiri skörun milli hugmynda- og útvistarbrautar á skólatíma. HUGMYNDIR AÐ LAUSNUM ???
Skólaumhverfi gott aðstaðan er góð Létt andrúmsloft 1 Námið: Fjölbreytt nám 11111 góð námskeið 11 -skapandi (líka útibraut) 1 -einstaklingsmiðað 1 -Engin próf 11 -Fín lengd á áföngum 1 -Skemmtileg lok námskeiða til að sýna hvað var lært. 1 Kennarar: 11 - Gott kennaraval 11 - hlusta vel - eru áhugasamir 1 - eru áhugaverðir 1 - hlusta á þarfir einstaklinga 1111 - verða hluti af tengslaneti nemenda - gott aðgengi að þeim -hvetja	Skortur á upplýsingum um námskeið fyrir námskeið, t.d. kennsluáætlanir 11111 Vantar meiri hvatningu til að mæta. 1 Kennslustaður, nám og uppbygging námskeiða getur orðið einhæft, sbr innibraut við tölvur í mánuð. 1 Mætti vera meiri skörun á milli úti- og innibrautar. 11111 Má hugsa um hreyfingu fyrir innibraut innan námsins. 11 Mætti bjóða upp á fleiri stutta áfanga. Að hægt sé að taka námskeið á hinni brautinni Hækka kröfur til nemenda á útibraut. Ef einn nemandi getur ekki eitthvað á útibraut ætti það ekki að standa í vegi fyrir tækifærum þeirra sem geta. Vantar sveigjanleika innan hvers námskeið fyrir nemendur (frelsi) Kennarar mættu lærakennslutrix frá skrifstofunni. 11111 Of langir skóladagar 1 Að kennarar passi að kennslan sé á jafningjaleveli og aldrei séð talað niður til nemenda. 1 Strangari kennarar. Áróðurbannaður (fiskeldi) Gagnrýnin hugsun eflid.

Liður 2. Skipulagið / Stjórn og stjórnendur Lýðflat / Flateyri

<p>Jákvætt</p> <p>Nemendur upplifa samskipti við starfsfólk skólans jákvæð, traust og heiðarleg. Þau upplifa einnig að það sé auðvelt að ná í starfsfólk skólans ef eitthvað kemur upp á eftir skólatíma.</p> <p>Nemendur eru ánægðir með að skólinn skipuleggi húsnæðismál nemenda.</p> <p>Nemendur eru ánægðir með aðgang að húsnæði skólans utan skólatíma.</p> <p>Nemendur eru ánægðir með þá breytingu að skólinn byrji kl. 8.55.</p>	<p>Hvað mætti bæta</p> <p>Nemendur telja að starfsfólk skólans megi sýna meira frumkvæði í að athuga líðan nemenda enda séu nemendur á stundum einmana og einangraðir, þó það sé mjög árstíðabundið hjá nemendum.</p> <p>Nemendur telja einnig að það þurfi að vera skýrari afleiðingar við brotum á skólareglum og sérstaklega við lélegri mætingu.</p> <p>Ennfremur minnst þau á að húsnæði megi sinna af meiri aðlúð (í því finnst mygla og seint sé brugðist við kvörtunum varðandi húsnæðið) og að aðgengi fyrir hreyfihamlaða nemendur sé lélegt.</p> <p>HUGMYNDIR AÐ LAUSNUM ???</p>
<p>Tilgangur skólans er frábær og virkar vel fyrir þá nemendur sem nýta sér það sem skólinn býður upp á. 11</p> <p>Húsnæði: -Aðgengi að húsnæði skólans eftir skólatíma er gott 111 -Höllin er cosý.</p> <p>Starfsfólk skólans: -starfsfólk skólans er traustins vert 11 -Gott aðgengi að starfsfólki skólans eftir skólatíma ef man er í vanda 111 -Aðvelt að tala við starfsfólk skólans 1 -Starfsfólk vill nemendum vel og er næs. -gangsægi í samskiptum við stjórnendur, ekkert er sykurkóðað. 11</p> <p>Skipulag: Gott skipulag að allir nemendur borði saman á Gunnukaffi í hádeginu. -Byrjunartíminn á morgnana er jákvæður 111</p> <p>Húsnæði: -gott að skólinn skipuleggi húsnæði nemenda 11</p> <p>Umhverfi: 1 Fallegt umhverfi á Flateyri 1 Vagninn frábær 1 Íbúar Flateyrar æði 11</p>	<p>Þurfa að vera skýrari afleiðingar við hlutum, sérstaklega mætingu. 111</p> <p>Skipulag: Vera með hússtjórnarkúrs í byrjun annar. 1 Að geta valið hvort maður borgar fyrir morgunmat og hádegismat. Vantar fjölbreytni í mat, sérstaklega í vegan option. 1 Vantar ferla ef eitthvað alvarlegt gerist. T.d. aðgang að sálfræðipjónustu. 1 Umsjónarmaður fasteigna mætti vera virkari. Kvartanir vegna húsnæðis eru ignoraðar eða lagaðar með fúski. Kennarar fái aðstoð við uppsetningu áfanga og hvernig er best að kenna. Samskipti nemenda og skrifstofu: -Skrifstofa má hafa meira frumkvæði í að tékka hvernir hlutir eru. Ekki bíða eftir að nemendur komi á skrifstofuna. (umræða um einangrun og einmanaleika, ánægjan getur verið mjög árstíðabundin) 111111 -mætti vera opinn tími til að tala um persónulega hluti, t.d. eftir morgunfund. 11 mætti skipuleggja einkafundi fyrir nemendur til að tékka hvernig fólk líður1 - Má vera meira aðhald í þrifum. Fara oftar í heimsóknir og kenna nemendum í alvöru hvað má betur fara. 11 -mættu vera betri upplýsingar um allt ef man mætir á jólum. -Skrifstofan mætti virka eins og brú frá nemendum til íbúa Flateyri og hvetja til fleiri viðburða og hittinga. -kynna flateyri betur fyrir nýnemum, leigubílasamninginn, strætósamgöngur og svo fr. 1 Húsnæði: Vantar aðgengi fyrir hreyfihamlaða. 111 Mygla í íbúðarhúsnæði 11 Salerisaðstaða í samkomuhúsi hræðileg. 11 Vantar hreinlætisvörur í samkomuhús. 1 Samfélagslegt: Afslátt í sund. 1 Opna lengur í sund og oftar, kannski hægt að gera samning við LýðFlat um að nemendur skiptist á að vinna í sundlauginni til að hjálpa til við lengri opnunartíma.</p>

Liður 3. Samfélag nemenda / Ég – við – hópurinn

Jákvætt Nemendur upplifa nemendahópin opinn, traustan og vinsamlegan og að andrúmsloftið meðal nemenda sé almennt gott.	Hvað mætti bæta Nemendur vilja bæta hvatningu innan hópsins til að sporna við einangrun og einmanaleika með því að skipuleggja fleiri viðburði og stunda heiðarleg samskipti innan skólans og utan hans (líka drukkin). Þau vilja að samtal um mörk og eða markaleysi sé skipulagt og sjálfsagt. Nemendur minnst á að áfengismenningin sé sterk innan hópsins og það megi nýta tækifærið og skipuleggja áfengislausa viðburði í þessu samhengi. Nemendur vilja einnig leita leiða til að virkja ábyrgð nemenda í morgunmat og sameiginlegum þrifum, bæði í morgunmat, hádegismat og sameignum.
Hópurinn er samstylltur, öll geta talað við öll – alltaf (með eðlilegum takmörkunum) 111 Opinn hópur 111111 Fólk er hjálpsamt Fólk er tilbúið til að grípa hvert annað 111 Flest fólk skilningsríkt. 111 Virkt félagslíf 111 skemmtilegt djamm 1 Auðvelt að líka við öll í hópnum, 11 jákvætt og gott andrúmsloft 11	HUGMYNDIR AÐ LAUSNUM ??? Það er auðvelt að verða einmana, hvað viljum við gera í því sem hópur? 1111 Samskipti: -Samskipti þurfa að vera hrein og heiðarleg, bæði þegar fólk er edruð og drukkið. 111 Búa til viðburði, mögulega á skólatíma, sem eru bæði fyrir inni og útibraut 1 Ábyrgð og umgengi: -Bæta má ábyrgð einstaklinga gagnvart þrifum í sameignum 111 -Bæta má ábyrgð einstaklinga gagnvart þrifum eftir hádegismat og morgunmat og uppsetningu morgunmats. 1 -Bæta umgengi á vagninum. Mörk: -Gildi og mörk meiga vera skýrari í hópnum. 1 -Virða mörk annara og samtal um markaleysi þegar þar gerist. 11 -Þurfa að vera skýr mörk varðandi þau sem eru á bílum. Viðburðir og menning: -MÆTA á viðburði. 1 -Búa til fleir viðburði. 1 -Áfengismenningin innan hópsins er mikil og meirihluti viðburða tengjast áfengi. 11111 -Má búa til fjölbreyttari viðburði, m.a. viðburði sem tengjast ekki áfengi. 1 Nemendur vilja bæta hvatningu innan hópsins til að sporna við einangrun og einmanaleika með því að skipuleggja fleiri viðburði og stunda heiðarleg samskipti innan skólans og utan hans (líka drukkin). Þau vilja að samtal um mörk og eða markaleysi sé skipulagt og sjálfsagt. Nemendur minnst á að áfengismenningin sé sterk innan hópsins og það megi nýta tækifærið og skipuleggja áfengislausa viðburði í þessu samhengi. Nemendur vilja einnig leita leiða til að virkja ábyrgð nemenda í morgunmat og sameiginlegum þrifum, bæði í morgunmat, hádegismat og sameignum.

VIÐAUKI 4

Sjálfsmat kennara að námskeiði loknu

Heiti námskeiðs:

Dagsetningar:

Kennari/kennarar:



1. Hversu ánægð/ur ertu í heildina séð með námskeiðið þitt ?

mjög ánægð/ur frekar ánægð/ur hvorki né frekar óánægð/ur mjög óánægð/ur

2. Hversu vel fannst þér takast að uppfylla þau kennslumarkmið sem þú lagðir upp með í upphafi námskeiðs?

mjög vel frekar vel hvorki né frekar illa mjög illa

3. Hversu vel/illa fannst þér þú vera undirbúinn fyrir námskeiðið?

mjög vel frekar vel hvorki né frekar illa mjög illa

4. Hversu móttækilegir fannst þér nemendur vera fyrir efni námskeiðsins?

mjög móttækilegir frekar móttækilegir hvorki né frekar lítið mjög lítið

5. Hversu góð/slæm fannst þér upplýsingagjöf fyrir námskeiðið þitt vera ?

mjög góð frekar góð hvorki né slæm mjög slæm

1. Hvernig fannst þér námskeiðið almennt ganga hjá þér?

2. Einhverjar ábendingar til skólastjórnanda varðandi skipulag námskeiðs eða aðbúnað?